

Íslandsmót í tvímenningi 2010

Íslandsmót í tvímenningi 2009 verður haldið dagana 13. og 14. nóvember 2010.

Olíuburður. London vinstri braut og Cheetah hægri braut.

Forkeppni laugardaginn 13. nóvember kl. 8:00 í Keiluhöllinni

Spilaðir eru 4 leikir. Efstu 10 tvímenningarnir halda áfram í milliriðil.
Verð í forkeppni kr. 4,700,- pr. tvímenning.

Milliriðill laugardaginn 13. nóvember kl. 10:00 í Keiluhöllinni

Spilaðir eru 4 leikir. Efstu 6 tvímenningarnir halda áfram í undanúrslit.
Verð í milliriðil kr. 4,000,- pr. tvímenning.

Undanúrslit sunnudaginn 14. nóvember kl. 8:00 í Keiluhöllinni

Spilað er allir við alla einföld umferð. Efstu 2 tvímenningarnir leika til úrslita strax að loknum undanúrslitum.
Verð í undanúrslit kr. 4,000,- pr. tvímenning.

Úrslit sunnudaginn 14. nóvember – strax að loknum undanúrslitum:

Tveir stigahæstu tvímenningarnir leika síðan til úrslita, sá tvímenningur sem er efstur að stigum fyrir úrslit nægir að vinna tvær viðureignir (2 stig) en annað sætið þarf að vinna þrjár (3 stig). Jafnteflis viðureignir teljast sem hálf stig á hvorn tvímenning. Ef enn er jafnt eftir 5 leiki skal pinnafall ráða.

Sjá nánar í reglugerð KLÍ um Íslandsmót í tvímenningi.

Skráning fer aðeins fram á KLÍ.is. Vinsamlega skráið báða aðilana um leið með bandstriki á milli nafnana. T.d. Jón Jónsson-Jón Jónsson. Skráningu lýkur miðvikudaginn 10. nóvember klukkan 22:00.

Skráning þarf að innihalda nafn og kennitölu keppenda.

Posi verður á staðnum eins er hægt að greiða þátttökugjöld inn á reikning KLÍ áður en mót hefst.

Reikningsnúmer er 1175-26-002930, kt. 460792-2159

Mótanefnd KLÍ

Nefndin áskilur sér rétt til breytinga ef þurfa þykir.